

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir:

1. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úthlíðar vegna Guðjónshvammis 1-5.*
Í breytingunni felst að lóðum er fjölgað úr fjórum í fimm og afmörkun lóðanna nr. 1, 2, 3 og 5 er breytt.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. febrúar 2009.
2. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Bøðmódsstaða, Bjarkarhöfði.*
Í breytingunni felst að lóðinni Bjarkarhöfða er skipt í þrjár lóðir í stað fimm. Gert er ráð fyrir 2 nýjum byggingarreitum auk byggingarreits utan um núverandi hús. Heimilt verður að reisa allt að 180 m² hús á hverri lóð auk 25 m² geymslu. Hámarkshæð húsa er 6 m og húsa með flötu þaki 4,5 m.
Samþykkt í sveitarstjórn 11. nóvember 2008.
3. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Úthlíðar, vegna dælustöðvar við Skarðaveg.*
Í breytingunni felst að mörkuð er ný lóð við Skarðaveg fyrir allt að 70 m² dælustöð ásamt skrifstofu- og hreinlætisaðstöðu. Byggingarreitur er í fimm metra fjarlægð frá lóðamörkum en að öðru leyti gilda skilmálar núgildandi deiliskipulags.
Samþykkt í sveitarstjórn 3. febrúar 2009.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 27. maí 2009.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 12. júní 2009